

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Hinriksson, greiði 22.800.00 króna sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi 50 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Upptækt er til handa ríkissjóði áfengi það, er málinu fylgir.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. apríl 1964.

Nr. 145/1963. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ingólfi Guðmundssyni

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ákæra um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði ók bifreið sinni Ford-Zephyr, R 8644, frá Ölfusá áleiðis til Reykjavíkur síðdegis hinn 6. september 1962. Neðan við efstu brekkuna í Kömbum tók bifreiðin að hrökklast á veginum. Skipti það engum togum, að ákærði missti stjórn á henni, og steptist hún út af veginum vinstra megin, miðað við akstursstefnu hennar, fór eina veltu og stöðvaðist síðan á hjólunum. Skemmdist bifreiðin mikið. Ákærði varð vitaskuld fyrir miklu hnjaski. Kveðst hann hafa m. a. fengið mikið höfuðhögg og verið ringlaður eftir áfallið, en hlaut eigi stórmeiðsl.

Tvær bifreiðar voru efst í Kömbum á niðurleið, og urðu bifreiðastjórnarnir á þeim vitni að óförum ákærða. Stöðvuðu vitni þessi bifreiðar sína og áttu tal við ákærða. Virtist

þeim hann vera með áfengisáhrifum, og annar bifreiðarstjórinn segist hafa fundið áfengisþef af honum. Bifreið, sem var á leið til Reykjavíkur, kom á vettvang, eftir að bill ákærða valt. Veitti bifreiðastjórinn á henni ákærða far til Reykjavíkur. Telur vitni þetta ákærða hafa verið „mjög ruglaðan og eins og vankaðan“. Segir vitnið, að framkoma ákærða hafi verið nokkuð undarleg, en eigi treystist vitnið til að fullyrða, hvort þetta stafaði af áfengisáhrifum eða truflun eftir áfallið. Engan áfengisþef fann vitnið af vitum ákærða, en hins vegar bjórlykt af honum, enda virtist klæðnaður hans blautur af bjór, er á hann hafði skvetzt.

Telja má víst, að ákærði hafi verið stórlega miður sín eftir þann yfirvofandi lífsháska, sem hann lenti þarna í, og að framkoma hans hafi mótast af því. Vera má og, að skynjun bifreiðastjóranna tveggja, sem töldu sig sjá á ákærða áfengisáhrif, hafi markast nokkuð af þessari áfalls-truflun ákærða. Það brestur því sönnun fyrir því, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið með áfengisáhrifum, þeim er refsiverð séu samkvæmt 2. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. laga nr. 26/1958 og 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954.

Sjónarvottar hafa eigi borið það gegn ákærða, að hann hafi ekið tiltakanlega hratt í umrætt skipti. Ákærði telur sig hafa ekið í öðru ganghraðastigi og með 30—40 km hraða, miðað við klukkustund, enda vinni bifreiðin bezt á þeim hraða. Billinn hafi þarna í brekkunni lent á ósléttum og hnökróttum vegi og henzt til og frá. Kveðst ákærði þá hafa „fært“ sig „til vinstri á veginum“, en lent þá í lausamöl og misst stjórn á bifreiðinni. Þessari frásögn ákærða, sem olli eigi öðrum vegfarendum tjóni, um aðdraganda ófaranna hefur eigi verið hnekkt. Er því eigi sönnuð á hendur ákærða vangæzla við akstur, sú er varði við 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. laga nr. 26/1958.

Loks er eigi, eins og á stendur, efni til að ákveða ákærða refsingu eftir 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. laga nr. 26/1958, þótt hann léti undan falla að tilkynna lögreglu ófarir sínar, sem bitnuðu einungis á honum sjálfum og eign hans.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna ákærða af kröf-

um ákæruvaldsins í máli þessu og dæma á hendur ríkissjóði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Greiða ber úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 7000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. ágúst 1963.

Ár 1963, fimmtudaginn 8. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3860/1963: Ákæruvaldið gegn Ingólfi Guðmundssyni, sem dómtekið var 26. f. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæru, dagsettri 18. marz s.l., gegn Ingólfi Guðmundssyni húsasmíðameistara, Laugarásvegi 41, hér í borg, fyrir að vera undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar R 8644 á Suðurlandsvegi um Kamba síðdegis fimmtudaginn 6. september 1962, fyrir gáleysislegan akstur efst í Kömbum, þar sem ákærði missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún lenti út af veginum og valt, svo og fyrir að fara þrátt fyrir það þaðan brott án þess að tilkynna slysið lögreglu né gera aðrar lögmæltar ráðstafanir.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. júní 1910 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1940 1/11 Reykjavík: Sátt, 5 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.

1943 28/7 Rvík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á reglum um einstefnuakstur.

- 1947 1/9 Rvík: Sátt, 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 1948 20/3 Rvík: Áminning fyrir óleyfilegt bifreiðarstæði.
 1949 6/12 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir rangstefnuakstur bifreiðar.
 1952 6/10 Rvík: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.
 1953 29/3 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengis-
 laga.
 1958 27/6 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 1959 14/4 Rvík: Áminning fyrir óskoðaða bifreið.
 — 11/9 Rvík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.
 1961 4/5 Rvík: Dómur: 3000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6
 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 6. september 1962, kl. 1800, kom Björgvin Guðlaugsson, til heimilis að Lynghaga í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, á lögregluvarðstofuna á Selfossi og skýrði frá því, að hann hefði nokkru áður verið á leið niður Kamba og séð þá hvar bifreið, sem kom á móti honum, lenti út af veginum neðanvert við efstu brekkuna í Kömbum og valt. Björgvin taldi, að ökumaðurinn, sem hann hélt, að hefði verið einn í bifreiðinni, hefði sloppið ómeiddur, en bifreiðin hefði skemmt mikið við veltuna. Hann kvaðst og telja, að ökumaðurinn hefði verið ölvaður, þungölvaður, eins og hann tók til orða. Björgvin skýrði enn fremur frá því, að hann hefði rætt við ökumanninn og beðið hann að koma með sér, en til þess hefði hann ekki verið fánlegur og farið á brott í fólksbifreið, sem bar að á leið til Reykjavíkur.

Jón Ingibergur Guðmundsson, lögregluþjónn á Selfossi, er hafði með höndum rannsókn slyssins fyrir austan, tilkynnti lögreglunni í Reykjavík um slysið og hélt svo á slysstaðinn. Var hann kominn þangað kl. 1820. Umrædd bifreið, sem var með skrásetningarmerkið R 8644, er af Ford-Zephyr tegund. Hún hafði, eins og áður greinir, verið á leið upp Kamba, og neðanvert við efstu brekkuna þar, þar sem vegurinn sveigir lítið eitt til hægri, hafði hún eftir ummerkjum að dæma runnið til á veginum á 20 metra svæði, lent út á vegarbrún og rekizt þar á gulumálaðan staur, sem er til viðvörunar, og brotið hann. Að því búnu hafði bifreiðin farið út af veginum, sem þarna er 2—3 metra hár, farið eina veltu og stöðvazt á hjólunum utan vegarins. Nefndur lögreglumaður telur ósennilegt, að lausamöl á vinstri vegarbrún hafi valdið því, að bifreiðin fór út af veginum.

Bifreiðin var mikið skemmd eftir slysið. Var yfirbygging hennar sveigð til vinstri, beygluð og kýtt og rúður brotnar.

Farangursgeymsla bifreiðarinnar og dyr voru opnar.

Að sögn lögreglumannsins var veikan áfengisþef að finna í bifreiðinni, en ekki kveðst hann hafa orðið þess var, þrátt fyrir athuganir, að áfengi hafi hellzt niður við veltuna, en um þetta væri þó ekki hægt að segja með vissu. Kveður nefndur lögreglumaður eftir farangrinum í bifreiðinni að dæma hafa mátt ætla, að ökumaður hennar hafi verið að koma úr veiðiferð. Þeir, sem lögreglan hitti fyrir á staðnum, vissu ekki deili á ökumanni bifreiðarinnar.

Við athugun á bifreiðinni virtust stjórnþæki, þ. e. stýri og hemlar, vera í góðu lagi, og loft var í öllum hjólbörðum á henni.

Þar sem ökumaður bifreiðarinnar R 8644 hafði hvorki hlutazt til um, að lögreglunni í Árnessýslu né lögreglunni í Reykjavík væri tilkynnt um slysið, sendi lögreglan í Reykjavík krana-bifreið til að sækja bifreiðina R 8644. Kom hún á staðinn, á meðan Jón Ingibergur var þar.

Nokkru eftir að nefnd kranabifreið kom á staðinn, kom krana-bifreið frá Vöku hér í borg og með henni Ívar Ingólfsson, Langholtsvegi 85, hér í borg. Kvaðst hann eiga að sækja bifreiðina fyrir eiganda hennar, Ingólf Guðmundsson, Laugarásvegi 41, föður sinn, sem hefði verið með bifreiðina, þegar hún valt. Nú væri hann í rusli út af þessu, eins og hann komst að orði, og hefði því ekki getað farið sjálfur til að sækja bifreiðina.

Jón Ingibergur kveðst hafa bent Ívari á, að þegar hann hitti föður sinn, ætti hann að segja honum að hafa þegar samband við lögregluna í Reykjavík út af slysinu. Kvaðst Ívar mundu gera þetta.

Lögreglan í Reykjavík hóf um kvöldið leit að eiganda bifreiðarinnar R 8644, Ingólfi Guðmundssyni, ákærða í máli þessu, en fann hann ekki. Kemur ekki fram, að lögregla hafi haft tal af ákærða, fyrr en hann var yfirheyrður síðdegis hinn 21. september hjá rannsóknarlögreglunni.

Vitnið Björgvin Guðlaugsson, er að framan greinir, kveðst hafa verið að koma frá Reykjavík og verið á leið austur á Hvals-völl umræddan dag á bifreiðinni L 27. Þegar vitnið kom á Kambabrún um kl. 1720—1730 og var um það bil að byrja að aka niður efstu brekkuna í Kömbum, kvaðst það hafa tekið eftir bifreið, er kom á móti því og var í um það bil 100 metra

fjarlægð. Rétt á undan bifreið vitnisins var „trukk“-bifreið, eins og síðar mun rakið.

Vitnið kveður nú engum togum hafa skipt, að á sama andartaki og það tók eftir bifreiðinni, sem kom á móti því, hafi henni verið ekið út af í beygjunni, sem er hér um bil efst í Kömbum. Telur vitnið, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki tekið eftir beygjunni, sem liggur til hægri og því lent beint út af veginum. Bifreiðinni hvolfdi strax, fór eina veltu, en staðnæmdist síðan á hjólunum.

Vitnið stöðvaði bifreið sína, strax og það kom þangað sem bifreiðin hafði oltið, og gekk út á vegarbrúnina í áttina að henni. Gerði ökumaður „trukk“-bifreiðarinnar slíkt hið sama, og var hann aðeins á undan vitninu.

Vitnið taldi, að orðið hefði stórslys, og ætlaði að halda að bifreiðinni, en um leið kveður það ökumanninn hafa komið út úr henni og gengið hálfboginn í áttina að vegarbrúninni. Virtist hann lítið eða ekkert meiddur.

Ökumaðurinn kom nú til þeirra, þar sem þeir stóðu á vegarbrúninni, og sagði: „Kippið mér upp á veginn, piltar, ég veit ekki, hvað ég gæti gert fyrir ykkur, ef þið gerðuð það. Ég hef tapað réttindunum einu sinni áður, og það væri voðalegt, ef ég tapaði þeim einu sinni aftur.“ Vitnið kveður þá hafa tjáð ökumanninum, er virtist vera undir áhrifum áfengis, að hvorki væri til þess aðstaða eða heimild. Vitnið kvaðst hins vegar hafa boðið honum að aka honum til læknis, en hann sagðist þurfa að komast strax til Reykjavíkur.

Rétt í þann mund, er orðaskipti þessi áttu sér stað, kveður vitnið bifreið hafa komið upp Kamba. Nam ökumaður hennar staðar hjá þeim, og fékk nefndur maður far með henni á brott af staðnum. Áður en hann hélt á brott, kveðst vitnið hafa séð, að hann tók pappakassa úr farangursgeymslu bifreiðarinnar. Kassinn var opinn, og sá vitnið, að í honum voru útlendar bjórdósir.

Þegar nefndur ökumaður var farinn á brott, kveðst vitnið hafa farið ásamt stjórnanda „trukk“-bifreiðarinnar að bifreiðinni, sem ekið var út af, og aðgætt hana nánar. Vitnið sá, að skrásetningarmerki bifreiðarinnar var R 8644. Bifreiðin virtist vera töluvert mikið skemmd. Fyrir utan hana var dálítið af lauslegu dóti, sem dottið hafði út úr henni, m. a. nokkrir peningaseðlar, og var það allt sett aftur inn í bifreiðina.

Ítrekað aðspurt kveður vitnið sér hafa virzt ökumaður bifreiðarinnar R 8644 örugglega vera undir áhrifum áfengis. Kveð-

ur það hann hafa verið öran, rauðan í andliti, augu hans fljótandi. Vitnið tók þó fram, að það vildi ekki fullyrða, að um áfengisáhrif hafi verið ræða, gæti verið, að ökumaður hafi fengið snert af taugaáfalli. Vitnið kveðst þó muna örugglega, að vínþef lagði af vitum ökumanns bifreiðarinnar R 8644.

Í sambandi við fyrri framburð sinn í máli þessu hjá lögreglu tók vitnið fram, að e.t.v. væri það of sterkt að orði kveðið, að ökumaður bifreiðarinnar R 8644 hafi verið þungölvaður eða áberandi ölvaður. Kveðst vitnið reyndar ekki minnst þess að hafa kveðið svo sterkt að orði við lögregluna á Selfossi, en þó geti það vel hafa verið.

Vitnið Ævar Guðbjörn Gunnlaugsson bifreiðarstjóri, Álfheimum 68, hér í borg, kveðst umræddan dag hafa verið á leið austur Suðurlandsveg á bifreiðinni R 2991. Þegar vitnið var statt um kl. 1700 í efstu brekkunni í Kömbum og komið niður undir fyrstu beygjuna á leiðinni niður, kveðst það hafa veitt athygli bifreið, sem kom á móti því. Bifreiðinni var ekið nokkuð greitt, og þegar hún kom í nefnda beygju, náði ökumaður ekki beygjunni og missti vald á bifreiðinni. Lenti hún út í vinstri vegarbrún, fór út af veginum, valt eina veltu og staðnæmdist á hjólum utan vegarins. Vitnið nam staðar, fór út úr bifreið sinni og gekk út á vegarbrúnina. Kom þá ökumaður bifreiðarinnar, sem bar skrásetningarmerkið R 8644, út úr bifreiðinni og gekk upp á veginn. Rétt í því kom ökumaður bifreiðarinnar L 27 út á vegarbrúnina. Ökumaður R 8644 bað vitnið og ökumann L 27 að draga bifreið sína upp á veginn, en þeir vildu ekki eiga við það, enda taldi vitnið, að ökumaður R 8644 mundi vera með áhrifum áfengis. Benti öll framkoma og fas ökumannsins til þess, að svo væri. Var hann föllur og sljólegur útlits. Vitnið kom ekki það nærri ökumanninum, að það hefði aðstöðu til að kanna, hvort áfengislykt legði frá vitum hans.

Ökumaður bifreiðarinnar R 8644 skýrði frá því, að hann hefði misst ökuleyfið áður og mætti ekki missa það aftur, því að þá yrði það ævilangt. Hann vildi, að bifreið sín yrði þegar dregin upp á veginn, eins og áður greinir, áður en lögreglan kynni að koma á vettvang, en honum stóð sýnilega beygur af lög-reglu.

Rétt í þessu kom leigubifreiðin Y 546, er var á leið til Reykjavíkur, á vettvang. Fór ökumaður R 8644 í henni á brott af staðnum. Áður en hann fór á brott, fór hann í farangursgeymslu bif-

reiðarinnar og tók þaðan pappakassa, sem í var eitthvað af erlendum bjórdósum.

Vitnið ítrekaði þann framburð sinn, að það efist ekki um það, að ökumaður bifreiðarinnar R 8644 hafi verið með áhrifum áfengis í umrætt skipti.

Vitnið Baldvin Einar Skúlason leigubifreiðarstjóri, Digranesvegi 24, Kópavogi, kveðst hafa verið að fara upp Kamba á leið til Reykjavíkur umræddan dag á bifreið sinni Y 546. Þegar það kom að efstu beygjunni á nefndum vegi, veitti það athygli þremur mönnum, sem stóðu á vegarbrúninni, og veifaði einn þeirra til vitnisins. Á staðnum voru tvær stórar þungaflutningabifreiðar og þriðja bifreiðin, sem stóð fyrir neðan veginn á hjólum. Vitninu virtist bifreið þessari hafa verið ekið út af, án þess að hún ylti, því að engin dæld var á þaki hennar. Vitnið nam staðar, og kom maður sá, sem veifað hafði til þess, að bifreiðinni og átti tal við hann gegnum opinn glugga. Hann spurði, hvort hann gæti fengið far með bifreiðinni til Reykjavíkur. Vitnið kvað svo vera. Maðurinn steig inn í bifreiðina og fór þar að þreifa á jakka sínum. Hann sagðist hafa týnt veski sínu og bað vitnið um að bíða, á meðan hann færi að bifreið sinni og leitaði að því. Vitnið beið á meðan í bifreið sinni, en mennirnir stóðu áfram á vegarbrúninni og ræddu ekki við vitnið. Maðurinn kom nú aftur inn í bifreið vitnisins og hafði þá fundið veskið. Hann kom með kassa með nokkrum útlendum bjórdósum í og lagði hann í aftursætið. Sjálfur settist hann í framsætið, og ók vitnið með hann þessu næst til Reykjavíkur. Þar var farið að nýbyggingu í Mýrahverfi. Þar fór maðurinn úr bifreiðinni og hafði tal af tveimur ungum mönnum, sem vitnið telur, að hafi verið synir hans. Maðurinn kom nú aftur inn í bifreið vitnisins, og ók vitnið með hann vestur á Framnesveg að húsinu nr. 19, 21 eða 23, en síðan ók það honum að Eikjuvogi 1. Þar fór maðurinn inn og dvaldist þar nokkra stund, en að því búnu ók vitnið honum að Hrístateigi 18. Þar fór maðurinn úr bifreiðinni og inn í húsið, og eftir góða stund kom út annar maður og greiddi ökugjaldið.

Hjá rannsóknarlögreglunni skýrði vitnið frá ástandi mannsins á þessa leið: „Ég gat ekki séð nein ölvunareinkenni á manni þessum, en virtist hann óstyrkur og hálfringlaður. Hann var með stóra kúlu á enninu, sem hann sagðist hafa fengið, þegar bifreið hans lenti út af veginum.“ „Ég fann enga áfengislykt

leggja frá vitum manns þess, er kom upp í bíl minn, en hann drakk einn bjór á leiðinni í bæinn. Hann minntist ekkert á lögregluna við mig, og vissi ég ekki um það, hvort hann var búinn að tilkynna óhapp þetta.“

Fyrir dómi skýrði vitnið frá á þessa leið: „Vitnið kveður mann þennan (sem það þekkir ekki, og sagði hann vitninu aldrei til nafns), hafa verið mjög ruglaðan og eins og vankaðan. Þetta taldi vitnið strax vera afleiðingu af akstri mannsins, enda hafði maðurinn ekið út af á mjög varhugaverðum stað (Kambaveginum). Ekki fann vitnið áfengisþef af manninum, en það fann bjórlykt af honum öllum, og er hann kom með bjórkassann, var hann allur blautur, og skildist mætta, að bjórdósir hefðu sprungið eða opnar bjórdósir hefðu hellzt um, svo að fót mannsins og hann sjálfur hefðu blotnað af bjórnum. Á leiðinni byrjaði maðurinn strax að drekka úr bjórdós, og lánaði vitnið honum skrúfjárn til þess að reka gat á dósina. Maðurinn drakk á leiðinni eina eða tvær dósir í viðbót.

Vitnið kveðst hvorki geta fullyrt, að maður þessi hafi verið undir áhrifum áfengis eða ekki. Framkoma mannsins var nokkuð undarleg, en vitnið treystir sér ekki til að dæma um, hvort svo var vegna ölvunar eða höfuðhöggs og sjokks vegna slyssins.“

Vitnið kveður manninn hafa haft orð á því á leiðinni að austan, að bifreið sín hefði lent út af veginum í lausamöl og hann misst stjórn á henni. Hann var með stóra kúlu á enni og kvartaði mjög mikið um höfuðverk.

Maðurinn hafði aldrei orð á því við vitnið, að lögreglan mætti ekki ná í sig, og hann nefndi ekki heldur, að hann hefði verið tekinn ölvaður við akstur áður, enda kom ekkert slíkt til.

Ákærði, Ingólfur Guðmundsson, hefur skýrt frá því, að hann hafi farið í veiðiferð austur að Ölfusá á bifreið sinni R 8644 umræddan dag. Ákærði var einn síns liðs. Hann lagði af stað laust fyrir kl. 0900 um morguninn. Á leiðinni austur kom hann við í Litlu kaffistofunni í Svínahrauni og keypti þar nesti, en ók því næst austur að Ölfusá.

Ákærði kveðst hafa verið við veiðarnar fyrst hjá Auðsholts- hjáleigu, en síðan í Kaldaðarneslandi.

Ákærði lagði af stað áleiðis til Reykjavíkur kl. 1600—1700 um daginn. Ákærði hafði meðferðis í bifreið sinni nokkrar dósir af dönskum bjór, en man ekki, hve þær voru margar. Annað áfengi hafði ákærði ekki meðferðis. Umræddar bjórdósir voru fyrir í bifreiðinni, og tók ákærði þær ekkert sérstaklega með

í ferðalagið. Ákærði neitar að hafa drukkið nokkuð af bjórnum né heldur öðru áfengi og kveðst hafa verið vel fyrir kallaður að öðru leyti.

Þegar ákærði kom upp í efstu brekkuna í Kömbunum, var vegurinn þar mjög ósléttur vegna svokallaðra þvottabretta. Bifreið ákærða var létt og kastaðist til af þeim sökum. Færði ákærði sig þá til vinstri á veginum, en þá lentu vinstri hjól út af honum í lausamöl með þeim afleiðingum, að hann missti stjórn á bifreiðinni, og fór hún út af veginum. Bifreiðin fór eina veltu og kom niður á hjólin utan vegarins. Ákærði telur, að bifreiðin hafi verið í öðrum gír og á um 30—40 km hraða, þegar slysið varð.

Ákærði kveðst hafa fengið mikið höfuðhögg við veltuna og muna óljóst, hvað fram fór á slysstaðnum eftir slysið. Ákærði man það, að einhverjir menn komu á staðinn, og minnir hann, að hann hafi beðið þá að hjálpa sér, en þeir neitað því. Ákærði man ekki eftir því, að meira hafi farið á milli sín og mannanna á slysstaðnum.

Skömmu eftir slysið kom leigubifreið á vettvang, og fékk ákærði far með henni til Reykjavíkur. Áður en ákærði fór á brott, tók hann þjórðósirnar með sér og einnig veski sitt, sem dottið hafði úr vasa hans.

Það hvarflaði ekki að ákærða að kalla lögregluna á staðinn, enda taldi hann þess ekki þörf, þar sem eingöngu var um eignatjón að ræða á bifreið hans sjálfs. Ákærði tilkynnti lögreglunni ekki um slysið, eftir að hann kom til Reykjavíkur. Sonur ákærða sendi kranabíl austur til þess að sækja bifreiðina.

Ákærða voru kynntir framburðir vitnanna þriggja, er komu á staðinn eftir slysið. Mótmælti hann þeim, að svo miklu leyti sem þeir færu í bága við sinn framburð. Ákærði ítrekaði, að hann hefði einskis áfengis neytt umræddan dag.

Ólína Valgerður Sigvaldadóttir, Ásvallagötu 55, hér í borg, er rekur Litlu kaffistofuna í Svínahrauni, hefur borið vitni í máli þessu. Kveður vitnið ákærða hafa komið oft í veitingastofuna. M. a. kveður það hann hafa komið þangað fyrri hluta dags 6. september í fyrra. Vitnið kveðst muna greinilega, að ákærði kom umræddan dag, vegna þess að það heyrði daginn eftir, að hann hefði lent í umferðarslysi í Kömbum.

Ákærði keypti í umrætt skipti einn sviðakjamma og 2—3 pilsnera hjá vitninu. Hann hafði þar skamma viðdvöl og hélt á brott. Ákærði var einn síns liðs í umrætt skipti.

Vitnið gat ekki merkt nein einkenni í fari ákærða, sem bentu til þess, að hann hefði neytt áfengis.

Með framburði vitnanna Björgvins Guðlaugssonar og Ævars Guðbjörns Gunnlaugssonar um, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis í umrætt skipti, ummælum þeim, sem vitni þessi hafa borið, að ákærði hafi haft við þau á slysstaðnum um, að hann hafi misst ökuleyfi áður og mætti ekki missa það aftur, undanfærslu ákærða á að tilkynna lögreglunni um slysið og ótta hans við, að lögreglan hefði afskipti af því, sem m. a. kemur fram í því, að hann fer fram á það, að bifreið hans verði þegar dregin upp á veginn og að hann hraðar sér brott af staðnum og virðist láta það sitja í fyrirrúmi að hafa með sér bjórdósirnar, sem voru í bifreiðinni, akstri ákærða, þegar slysið varð, svo og öðru, sem fram er komið í máli þessu, þá þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn í umrætt skipti.

Þá þykir sannað með framburði nefndra vitna og ummerkjum á slysstaðnum, að ákærði hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu í akstri, er leiddi til þess, að bifreið hans lenti út af veginum og valt.

Loks er sannað, að ákærði vanrækti að tilkynna lögreglunni um slysið, eins og áður greinir, og gera aðrar lögmæltar ráðstafanir út af því.

Ákærði hefur með þessu atferli sínu orðið brotlegur gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með því að um ítrekað brot ákærða gegn áfengis- og umferðarlögum er að ræða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Af framangreindri ástæðu ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Rannsókn í máli þessu fór fram í sakadómi Reykjavíkur, Kópavogs og Rangárvallasýslu, áður en dómarrinn fékk það í hendur hinn 20. marz s.l.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar, kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. apríl 1964.

Nr. 20/1963. **Jón Ellert Jónsson (Ragnar Ólafsson hrl.)**

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hermann Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verið hrundið og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurði fógeta og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færðar sönnur á það, að áfrýjandi hafi byggt umrædda íbúð, sem hann bjó í á Rauðalæk 69, í atvinnurekstri sínum eða til að selja hana aftur